

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um flutning þingstaðar. 26

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 22. f. m., og 8. mars beiðni hreppsnefndarinnar í Svarfaðardalshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Tungufelli að Grund, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. 27

15. mars

Í nóvembermánuði 1909 var stúlkan Valgerður Sigurlína Bjarnadóttir, sem viðurkend er sveitlæg í Kleifahreppi hinum forna, lögð að læknisráði á sjúkrahús í Reykjavík og lá hún þar til 17. febr. 1910, en frá þeim tíma og þar til hún hætti að njóta styrks hjer í bænum, í maí s. á., kom fátækranefnd Reykjavíkur, þar er hún var þá stödd, henni fyrir utan sjúkrahúss. Kostnaðurinn af dvöl stúlku þessarar á sjúkrahúsinu og utan þess varð alls 178 kr. 50 au., og varð bæjarsjóður að greiða þenna kostnað í bráðina, þarsem hann hafði ábyrgst legukostnaðinn í byrjun og síðan komið stúlkunni fyrir gegn fyrirfram umsamdri meðgjöf. Að fenginni viðurkenningu fyrir sveitfesti stúlkunnar krafði borgarstjórinn í Reykjavík Kleifahrepp um endurgjald á öllum hinum veitta styrk, með því að ákvæði 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 ættu eigi við þegar um legukostnað væri að ræða, og auk þess hefði hreppsnefnd framfærslusveitarinnar átt hlut að því, að stúlka þessi fór til Reykjavíkur til að leita sjer lækninga. Hreppsnefnd Kleifahrepps neitaði eindregið hinu síðastnefnda, og vildi eigi heldur greiða nema $\frac{2}{3}$ hins framlagða kostnaðar og enda alls ekkert af kostnaðinum utan sjúkrahúss, nema skýrsla kæmi um, að samið hefði verið fyrirfram um meðgjöf með stúlkunni þenna tíma.

Ágreiningur þessi leiddi til þess, að þjer, herra sýslumaður, kváðuð upp úrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum um, að samið hafði verið fyrirfram um kostnaðinn utan sjúkrahúss, og urðu úrslitin þau, að Kleifahreppur hinn forni skyldi greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 80 kr. 50 au., auk 77 kr., sem áður voru greiddar bæjarsjóði af kostnaði þessum. Er úrskurður þessi bygður á því, að dvalarsveit eigi endurgjaldsrjett á sjúkrahúslegukostnaði óskertum samkvæmt 77. gr. nefndra laga, en aðeins $\frac{2}{3}$ annars kostnaðar samkvæmt 63. gr. sömu laga. Úrskurði þessum hefur hreppsnefnd Kleifahrepps áfrýjað til stjórnarráðsins og andmælt skilningi yðar á 77. gr. oftnefndra laga og krafist þess, að hin úrskurðaða upphæð verði lækkuð svo sem fært þyki.

Stjórnarráðið verður að líta svo á, að eigi sje næg ástæða til að skilja orð 77. gr. oftnefndra laga á þann hátt, að þau takmarki orð 63. gr., sem virðast alveg ótvíræð, og ber Kleifahreppi því eigi að greiða nema $\frac{2}{3}$ hins umrædda styrks, eða 42 kr., auk hinna þegar greiddu 77 kr.

27

15. mars

Því úrskurðast:

Kleifahreppi hinum forna ber að greiða bæjarsjóði Reykjavíkur 42 kr. af hinum umrædda legukostnaði, auk þess, sem þegar er greitt.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna, og ber yður að sjá um, að hún greiði hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

28

19. mars um skilning aukatekjulaga frá 11. júlí 1911.

Í brjefi, dagsettu 8. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvernig skilja beri 24. gr. í lögum nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landsjóðs, og sjerstaklega um það, hvernig beri að reikna þinglestursgjaldið af nánara tiltekinni upphæð.

Þessum fyrirspurnum yðar er svarað þannig:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr., er þinglestursgjaldið 3 krónur, en sje fjárhæðin meiri, skal reikna 1 krónu í viðbót af hverju fullu þúsundi króna. Gjaldið fyrir brjef sem hljóða á 1500 kr. er því 3 kr., en hljóði það á 2000 kr., 4 krónur, hið sama gjald er, nemi upphæðin t. a. m. 2999 krónum, en 5 krónur af 3000 krónum o. s. frv.

29

2. mars

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík 30. janúar 1905 og 27. febrúar 1908.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík 30 janúar 1905 og 27. febrúar 1908:

39. gr. heilbrigðissamþykktarinnar orðist þannig:

»Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt reglugjörð um mjólkursölu, er bæjarstjórnin hefir samið og stjórnarráðið samþykkt«.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. mars 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.